

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 116/2022

Reykjavík, 7. júlí 2022

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða(LL) um drög að reglugerð um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi, mál nr. 116/2022

Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt til umsagnar ofangreind reglugerðardrög sem fela í sér afar jákvæð áform um að lífeyrissjóðir geti óskað eftir heimild til birtingar gagna í stafrænu pósthólfi.


Það er afar brýnt að lífeyrissjóðir fái heimildir til að birta með rafrænum hætti upplýsingar sem þeim ber að senda lögum samkvæmt til sjóðfélaga með reglubundnum hætti. Á síðasta löggjafarþingi var frumvarp lagt fram þar sem gert var ráð fyrir breytingu á 4. mgr. 18. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 sem ætlað var að veita lífeyrissjóðum færi á að birta rafrænt á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist yfirlit og aðrar lögbundnar upplýsingar, 568. mál. Því miður varð frumvarp þetta ekki að lögum.

LL vilja koma því á framfæri að umrædd reglugerðarheimild fyrir lífeyrissjóði til að birta gögn í stafrænu pósthólfi má ekki verða til þess að lífeyrissjóðir fái ekki lagaheimild til að birta yfirlit og upplýsingar rafrænt á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist. Er það því enn afar mikilvægt að frumvarp þess efnis verði lagt fram á næsta þingi og nái þá vonandi fram að ganga.

Með vísan í ofangreint fagna LL þeim áformum að veita lífeyrissjóðum með reglugerð heimild til að birta gögn í stafrænu pósthólfi en vilja þó einnig leggja áherslu á mikilvægi þess að lífeyrissjóðir fái lögbundna heimild til að birta rafrænt gögn á vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri